



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 22. nóvember 2016

Efni: Lækjarhvammur 17, fyrirspurn til skipulags- og byggingafulltrúa, 1610223

Óskað er eftir að koma fyrir íbúð í kjallara hússins og setja hurð á vesturgaflinn sem inngang þar inn. Í skilmálum fyrir hverfið kemur fram:

4.5 SVÆÐI 4

Reiturinn nær yfir raðhúsin við Lækjarhvamm 1-15, 2-8, 17-21, 10-22 og 23-29.

- Á svæðinu eru fimm raðhúsalengjur.
- Heimilt er að byggja einna hæðar viðbyggingu innan byggingarreits við einstaka raðhús og skal byggingin falla vel að núverandi húsi og lóð.
- Þak viðbyggingar skal falla vel að og ekki vera hærra en á núverandi húsi.
- Heimilt er að byggja einna hæðar gróðurskála/-hús innan byggingarreits í samræmi við neðangreinda töflu.
- Íbúðarfjöldi óbreyttur.
- Útveggir og mænishæð skal vera óbreytt.

Núverandi ástand								Deiliskipulag endurgert		
SVÆÐI 4										
Lækjarhvammur		raðhús		meðal. Nhl.		0,48				
húsnr.	fj.íbúða	bilg.	hæðir	bygg.ár	lóð fm	hús fm	heilidar nhl.	viðbygging fm	svalir	hámark fm á lóð
17	1	1	1+kj	1980	595,0	257,1	0,43	2,2		259,3

Við allar breytingar og viðbyggingar þarf samþykki allra eigenda í raðhúsinu sbr. lög um fjöleignahús 1994 nr.26 gr. 30. og 31. Ekki liggur fyrir neitt samþykki meðeigenda hússins, fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast ekki skilmálum deiliskipulagsins.

(Góður stígur er milli húsanna. Lækjarhvammur 17 stendur 3 m frá lóðarmörkum sk. afstöðumynd frá árinu 1979. Við Lækjarhvamm 15 er teiknuð hurð á suð-vestur gafli hússins sem liggur einnig út að áður nefndum stíg.)



Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt